



KPMG á Íslandi
Borgartúni 27
105 Reykjavík

Sími 545 6000
Fax 545 6001
Veffang www.kpmg.is

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Alþingi
Erindi nr. P 135/2378
komudagur 28.4.2008

Reykjavík 28. apríl 2008.

Umsögn um 515. mál, frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt.

Með bréfi háttvirtrar efnahags- og skattanefndar Alþingis, dagsettu 10. apríl 2008, var KPMG hf. sent til umsagnar frumvarp á þingskjali 816, borið upp af fjármálaráðherra sem lið í aðgerðum í tengslum við kjarasamninga. Fer umsögn KPMG hf. hér á eftir.

Um 1. og 3. gr. frumvarpsins.

Tillögur í þessum greinum frumvarpsins eru samkynja. Lagt er til að mismun gengishagnaðar og tengistaps, af eignum í erlendum verðmæli, skuli ekki færa að fullu til tekna eða gjalda, eftir atvikum, á viðkomandi rekstrarári, heldur verði mismunurinn færður í jöfnum fjárhæðum á viðkomandi rekstrarári og næstu tveimur áum þar á eftir.

Tillögur þessar eru til þess fallnar að dreifa áhrifum gengisbreytinga á skattgreiðslur atvinnufyrirtækja og er það vel.

Með lögum nr. 48/2006 var lögfest ákvæði til bráðabirgða um hliðstæða dreifingu tekjufærslu gengishagnaðar er myndaðist á rekstrarárinu 2005. Dreifing tekjufærslu samkvæmt því ákvæði er bundið þeim skilyrðum að yfirfæranlegt tap hafi að fullu verið jafnað og að ekki hafi á rekstrarárinu 2005 verið nýttar lægri hlutfallslegar fyrningar og niðurfærslur en á rekstraárinu 2004. Í tillögum þeim sem hér eru til umsagnar eru engin slík skilyrði sett. Verður af því ráðið að flutningsmaður frumvarpsins telji ekki þörf á slíkum skilyrðum. Undir það getur KPMG hf. tekið.

Í nefndu bráðbirgðaákvæði er sérstaklega tekið fram að ákvæðið um dreifingu tekjufærslu gengishagnaðar taki ekki til fjármálafyrirtækja, sem stunda fjármálastarfsemi er sætir eftirliti Fjármálaeftirlits. Helgast sá fyrirvari af eðli starfsemi þeirra, eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarp það er varð að lögum nr. 48/2006. Engan slíkan fyrirvara er að finna í ákvæðum þeim sem hér eru til umsagnar. Af þessum staðreyndum dregur KPMG hf. þá ályktun að fjármálafyrirtækjum jafnt sem öðrum atvinnufyrirtækjum muni verða heimil umrædd dreifing tekjufærslu/gjaldfærslu, verði frumvarpið að lögum óbreytt.

Um 2. gr. frumvarpsins.

Lagt er til að í tekjuskattslögum verði kveðið á um að starfsmenn Þróunarsamvinnustofnunar Íslands skuli njóta sömu skattalegra ívilnana, að því er staðaruppbót varðar, og starfsmenn sendiráða Íslands. Ákvæði í þá veru er nú að finna í sérlögum um Þróunarsamvinnustofnun. KPMG hf. telur tillöguna til bóta, enda verður almennt að telja æskilegt að ákvæðum um skattlagningu sé skipað í lög um viðkomandi skatt en ekki í sérlög.

Um 5. gr. frumvarpsins.

Lagt er til að þeir sem hér á landi bera aðeins takmarkaða skattskyldu af arði og söluhagnaði af hlutabréfum skuli greiða 10% skatt af þeim tekjum í stað 15% nú. Af því mun leiða að innheimta hlutafélaga á skatti í staðgreiðslu af úthlutuðum arði, greiddum aðilum er hér bera aðeins takmarkaða skattskyldu, verður 10% í stað 15% nú. Þessi afleidda breyting mun mjög verða til einföldunar fyrir greiðendur arðs. Hingað til hafa þeir þurft að taka afstöðu til skattalegrar stöðu arðsmóttakanda, og bera fjárhagslega áhættu af mati sínu. Á sama tíma hefur arðsgreiðanda ekki verið heimilt að taka afstöðu til skattalegrar stöðu arðsmóttakanda á grundvelli ákvæða tvísköttunarsamninga. Gildandi ákvæði hafa þannig, auk þess að leggja óeðlilega ábyrgð á arðsgreiðendur, falið í sér innra ósamræmi. Í ljósi þessa telur KPMG hf. að tillaga 5. gr. sé mjög til bóta fyrir skattframkvæmd.

Um aðrar greinar frumvarpsins.

Greinar frumvarpsins, aðrar en þær er að framan getur, fela í sér tillögur sem fremur eru af pólitískum toga en skatttæknilegum og gefa tillögurnar sem slíkar ekki tilefni til fræðilegrar umfjöllunar.

Virðingarfyllst,

KPMG hf.

